

ykkar. En hvað mikið er í hann varið fyrir ykkur! Og þið þurfið sjálf að finna til þess. Og þið finnið ögn til þess að minsta kosti, ef þið finnið það, að þið hafið gott af skóla-verunni ykkar.

En undir ykkur sjálfum er svo mikið komið með það. Undir því einmitt komið, hvernig þið notið ykkur skóla-veruna. Ef þið farið vel með hana, þá þykir ykkur vænt um hana. En ef þið farið illa með hana, þá verður ykkur illa við hana. Ykkur finst, að þið hafið ekkert gagn af henni.

Það eru til börn, sem er illa við skóla. Vilja ekki í skóla vera. Segja, að það sé ekki til neins. Þau læri ekki neitt. Litlu flónin! Þau vita ekki, hvað þau segja. Og einmitt þetta vita þau ekki, að þeim er sjálfum mest um að kenna. Þau notuðu tímann sinn illa, og höfðu svo ekkert gagn af skóla-verunni. Lærðu ekki neitt af því, sem þau áttu að læra. Óg eignuðust ekki neitt af því, sem þau gátu eignast. Kendu svo skólanum um.

Það var einu sinni lítill drengur, sem sagði, að epli væru vond. Hann hafði aldrei bragðað þau. En einu sinni hafði hann verið að leika sér að epli—hafði verið að kasta því upp í loftið, en það lent svo á andlitið á honum, og hann meitt sig ofur lítið. Þess vegna voru epli vond, fanst honum, flóninu lítla.

Svona finst sumum börnum um skóla-veruna. Hún er vond, segja þau. En hafa þó raunar aldrei bragðað hana. Hafa að eins leikið sér að henni, eins og drengurinn að eplinu, og meitt sig, eins og hann á því. Með öðrum orðum: Þau fengu hirting, af því þau voru vond og vildu ekki hlýða. Svo fanst þeim skólinn vondur og þau vildu ekki fara í hann. En þegar þau eldast og fá meira vit, skilja þau, hvað mikil flén þau hafa verið. En þá er það um seinan. Skóla-tíminn er úti.

Hvað gott það hefði verið fyrir þau börn, ef foreldrarnir peirra hefðu haft vit fyrir þeim!

Munið að fara ekki svona illa með skóla-veruna ykkar, börnin míin. Notið hana vel með því að læra vel lexiurnar ykkar, og taka vel eftir því, sem kennarinn segir. Þá þykir ykkur vænt um skóla-veruna. Því þá finnið þið til þess, að þið lærið eitthvað og eignist etthvað, sem þið hafið gott af. Þið komist á *bragðið*. Og þá viljið þið fá meira. Það er æfinlega svo, að þegar einhver finnur, að eitthvað er gott á *bragðið*, þá vill hann fá meira. En undir ykkur sjálfum er mikið